

Gísli Jónsson, menntaskólakennari

Afhending 1019/4

Gísli Jónssonin fæddist á Hofi í Svarfaðardal 14. september 1925. Hann lést á Akureyri í nóvember 2001. Gísli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1946 og kandidatsprófi í norrænum fræðum frá Háskóla Íslands árið 1953. Samhliða lauk hann einnig prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Hann varð lausráðinn kennari við Menntaskólann á Akureyri árið 1951, en var síðan skipaður í starfið árið 1953 og starfaði þar alla tíð.

Gísli var ötull í stjórnámálum og var bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri nær samfelld frá 1958 til 1983 og sat í bæjarráði frá 1970-1980. Hann sat einnig um árabíl í stjórn Amtsbókasafnsins og var formaður hennar um tíma, sat í niðurjöfnunarnefnd og jafnréttisnefnd Akureyrar og var formaður Húsafriðunarsjóðs bæjarins. Gísli var einnig varaþingmaður um tíma og sat á þingi öðru hverju og gegndi einnig ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Gísli hafði ástríðu fyrir íslenskri tungu, sem var það fag sem hann kenndi við Menntaskólann, og í fjöldamörg ár skrifaði hann þætti í Morgunblaðið um íslenskt mál. Hann sá einnig um útvarpsþátt á RÚV um íslensku sem hét Daglegt mál og var útvarpað veturinn 1977-1978, átti þátt í að búa til allskyns nýyrði og skrifaði fjölmörg rit, meðal annars Saga KEA, Saga Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Saga MA og Fullveldi Íslands. Einnig eru til eftir hann ýmsar þýðingar, ritgerðir og bækur sem hann vann til prentunnar.

Gísli kvæntist Hervöru Ásgrímsdóttur árið 1951. Þau eignuðust saman 7 börn. Hervör lést árið 1971. Árið 1973 giftist Gísli annarri konu sinni, Bryndísi Jakobsdóttur en þau skildu nokkrum árum seinna. Árið 1984 giftist Gísli þriðju eiginkonu sinni Önnu Björgu Björnsdóttur.

Afhendingin barst frá Gísla Jónssyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 549, 558, 559, 573, 577, 581, 586, 590, 604, 617, 622, 631, 633, 647, 651, 667, 671, 677, 688, 700, 706, 706, 712, 721, 735, 741, 766, 772, 815, 824, 837, 842, 866, 869, 875, 880, 885, 944, 961, 986, 995, 1028, 1053, 1072, 1095, 1104, 1115, 1139, 1141, 1194, 2001/19, 2001/45, 2001/56, 2002/7 og 2010/87.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
9. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Gísli Jónsson menntaskólakennari (1925-2001)			1019 / 4
A - Almennt			
AA - Seðlasafn			
1019 - AA / 1	1	-	Seðlasafn með íslenskum mannanöfnum í þeim skilningi að íslenskur maður hafi borið þau einhvern tíman frá landnámsöld til okkar daga, auk þess örfá erlend ef þau eru alkunn: Nöfn sem byrja á A - D
1019 - AA / 2	1	-	Seðlasafn með íslenskum mannanöfnum í þeim skilningi að íslenskur maður hafi borið þau einhvern tíman frá landnámsöld til okkar daga, auk þess örfá erlend ef þau eru alkunn: Nöfn sem byrja á E - H
1019 - AA / 3	1	-	Seðlasafn með íslenskum mannanöfnum í þeim skilningi að íslenskur maður hafi borið þau einhvern tíman frá landnámsöld til okkar daga, auk þess örfá erlend ef þau eru alkunn: Nöfn sem byrja á I - R
1019 - AA / 4	1	-	Seðlasafn með íslenskum mannanöfnum í þeim skilningi að íslenskur maður hafi borið þau einhvern tíman frá landnámsöld til okkar daga, auk þess örfá erlend ef þau eru alkunn: Nöfn sem byrja á S - Ö
AB - Seðlasafn - tíðni nafna			
1019 - AB / 1	1	-	Seðlasafn: tíðni nafna í manntölum 1703-1855